

Gunnlaugur Róbertsson
Skipulagsstjóri
Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Hornafjörður



Reyðarfjörður, 29. janúar 2018
Tilvísun: 2017120001
AEJ/
Tilv. ykkar:

Efni: Deiliskipulagstillaga Skjólshólar – Umsögn Vegagerðarinnar

Vegagerðin gerir athugasemd við deiliskipulagstillögu Skjólshólum, Hornafirði Tenging við Hafnarveg (99). Hafnarvegur er stofnvegur af vegtegund C9. Skv. Veghönnunarreglum eiga að vera að lágmarki 800 m á milli vegamóta á slíkum vegi. Núverandi túntenging við Hafnarveg verður nýtt sem aðkoma að fyrirhugaðri ferðaþjónustu. Aðeins eru um 180 m að næstu vegamótum við Dilksnesveg. Vegsýn er takmörkuð við þessa tengingu en sjónlengdir vegna tengingar virðast uppfylltar.

Vegagerðin heimilar tenginguna gegn því að ekki verði samþykktar fleiri tengingar á Hafnarvegi á milli Hringvegar og fyrirhugaðs nýs Hringvegar. Þannig verða núverandi tengingar, ásamt umræddri tengingu, samnýttar ef áhugi er á frekari byggingaráformum á þessum slóðum.

Vegtenginguna þarf að hanna skv. Veghönnunarreglum og bera til samþykktar hjá Vegagerðinni.

Vegagerðin bendir jafnframt á ákvæði skipulagsreglugerðar um samgöngur; gr. 5.3.2.5. og að aukin gæði felist í meiri fjarlægð gístaðstöðu frá vegi.

Úr skipulagsreglugerð:

„Utan þéttbýlis skal ekki staðsetja íbúdir eða frístundahús nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum eða almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi. Aðrar byggingar skal ekki staðsetja nær stofn- og tengivegum og öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi.“

Virðingarfyllst,

Anna Elín Jóhannsdóttir